

um till. til þál. um bættar samgöngur á sjó við Vestfirði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Til allsherjarnefndar hefur verið vísað till. til þál. um farþega- og vöruflutningaskip fyrir Austfirðinga (136. mál) og till. til þál. um bættar samgöngur á sjó við Vestfirði (151. mál). Nefndarmenn voru þeirrar skoðunar, að til greina kæmi að afgreiða þessi mál sameiginlega með tillögu um, að nefnd yrði falið að endurskoða strandferðamál milli þinga. Minni hluti lét í ljós þá skoðun, að sjálfsagt væri, að Alþingi kysi sjálft slíka nefnd. En við afgreiðslu málsins kom í ljós, að meiri hlutinn vildi ekki á það fallast og hélt fast við það, að nefndin yrði stjórnskipuð. Borin var upp og samþykkt af meiri hluta nefndarinnar tillaga sú um breyt. á till. á þskj. 279 (151. mál), sem prentuð er í nál. meiri hl. á þskj. 494. Er efni hennar, að því er varðar nefndarskipun o. fl., á þá leið, að minni hl. er því ekki fylgjandi. Minni hl. telur rétt, að Alþingi kjósi sjálft millipinganefnd til að athuga strandferðamál og gera tillögur um breytingar, er til bóta mættu verða. Vill minni hl. fela hinni þingkjörnu nefnd að gera athugun á núverandi skipakosti, sem notaður er til strandferðanna, og þá einnig, eftir því sem þurfa þykir, tillögur um breytingar á þessum skipakosti og tilhögun strandferðanna með það fyrir augum, að strandferðþjónustan komi að sem bestum notum fyrir alla landshluta. Á þetta vill minni hl. leggja áherzlu, en telur ekki ástæðu til að taka það fram sérstaklega, að millipinganefndin skuli „athuga allan rekstur Skipaútgerðar ríkisins“, eins og meiri hl. kemst að orði. En að sjálfsögðu mundi millipinganefndin gera þær athuganir, sem henni þætti við þurfa til þess að inna af hendi verkefni sitt.

Auk þeirra tillagna varðandi strandferðir, sem nefndar hafa verið hér að framan, liggja nú fyrir Alþingi frv. til l. um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi (152. mál), frv. til l. um smíði nýs strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn (187. mál) og till. til þál. um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri (233. mál). Telur minni hl. rétt að beina því til millipinganefndarinnar að athuga tillögur þær, sem þarna er um að ræða, ásamt tillögunum tveim, sem fyrr voru nefndar, svo og aðrar tillögur um þessi efni, er uppi hafa verið á Alþingi í seinni tíð. Jafnframt er ætlað til, að nefndin hafi í starfi sínu samráð við Skipaútgerð ríkisins, sem mesta reynslu hefur í þessum málum, og þá aðila aðra, er einkum hafa hagsmuna að gæta fyrir hönd almennings og atvinnurekstrar í byggðum landsins, þ. á m. helztu atvinnu- og verzlunarfyrirtæki í kaupstöðum, kaupúnum og verstöðvum víðs vegar um land.

Það skal tekið fram, að allsherjarnefnd hefur óskað upplýsinga frá samgöngumálaráðuneytinu um það, hvort uppi séu ráðagerðir og tillögur eða hvort teknar hafi verið ákvarðanir um breytingu á skipulagningu strandferðanna eða áætlunum strandferðaskipanna. Hefur hún fengið þau svör, að enn hafi engar ákvarðanir verið teknar, en fyrirspurn um það, hvort nefndin geti átt þess kost að kynna sér tillögur, sem uppi hafa verið á vegum ríkisstjórnarinnar um þessi mál, hefur ekki enn verið svarað. Það er hins vegar alkunna, að útlendir ráðunautar og svonefnd hagsýslunefnd eða hagsýsluráð, sem ríkisstjórnin hefur sett á stofn, hafa undanfarin ár fjallað um þessi efni án samráðs við Alþingi.

Með skirskotun til þess, sem nú hefur verið sagt, leggur minni hl. n. til, að till. á þskj. 279 (151. mál) verði afgreidd með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögunefndin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna millipinganefnd til þess að gera athugun á núverandi skipakosti Skipaútgerðar ríkisins og fyrirkomulagi strandferða og, eftir því sem þurfa þykir, tillögur til breytinga, er að því miði að skipuleggja strandferðþjónustuna þannig, að hún komi að sem bestum notum fyrir alla landshluta.

Nefndin taki til sérstakrar athugunar frumvörp og tillögur, sem fram hafa komið á Alþingi um þetta mál í seinni tíð, og hafi í starfi sínu samráð við Skipaútgerð ríkisins og aðra aðila, sem hér eiga einkum hagsmuna að gæta fyrir hönd almennings og atvinnurekstrar í byggðum landsins.

Alþingi, 2. apríl 1963.

Gísli Guðmundsson,
frsm.

Björn Pálsson.

Geir Gunnarsson.